

8. fundur skólaráðs 27.5.2015.

Fundur settur kl. 8:10 í Víðistaðaskóla í Engidal.

Mættir: Elísa Vigfúsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags var fjarstödd, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, fulltrúi nemenda var fjarverandi, Sindri Blær Gunnarsson, fulltrúi nemenda, Sverrir Kr. Kristinsson, fulltrúi kennara, Helga Ágústsdóttir, fulltrúi kennara, Freyja Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks var fjarverandi, Anna Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskjólastjóri var fjarverandi, Anna María Skúladóttir, aðstoðarskólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri.

Dagskrá

1. Fyrirhuguð samnýting húsnæðis Víðistaðaskóla í Engidal.
2. Önnur mál

1.Rætt var um fyrirhugaða samnýtingu húsnæðis í Engidal með hugsanlegri viðbót 5.og 6. bekkja Barnaskóla Hjallastefnunnar. Fram kom að fulltrúar voru ekki sáttir við að málið hafi ekki verið kynnt af bæjaryfirvöldum fyrir foreldrum fyrir í ferlinu og að raddir þeirra hafi ekki fengið að heyrast. Fulltrúar skoðuðu aðstöðuna sem rætt hefur verið um að Barnaskóli Hjallastefnunnar fái til umráða og er þar um að ræða stofu sem hefur verið nýtt fyrir danskennslu fyrir hádegi en Álfahraun hefur nýtt frá klukkan 13:00, náttúrufræðistofu sem hefur verið nýtt sem efnisveita og geymsla fyrir leik- og grunnskólann eftir að skjalasafn bæjarins fékk aukið húsnæði í skólanum. Það kom fram að fulltrúar skólaráðs voru ekki sáttir við að bæta fleiri stofnunum inn í húsnæðið og þrengja þar með enn frekar að starfinu sem fyrir er í húsnæðinu. Fram kom að fulltrúar voru á engan hátt ósáttir við Barnaskóla Hjallastefnunnar heldur óska þess að þau fái lausn á húsnæðisvanda sínum en telja húsnæði Víðistaðaskóla í Engidal ekki hentugan kost fyrir margra hluta sakir.

Fulltrúar skrifuðu bréf sem sent var Magnúsi Baldurssyni sviðsstjóra fræðsluviðs og formanni fræðsluráðs, Rósu Guðbjartsdóttur. Bréfið má sjá hér að neðan

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið 9:20.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir

Fulltrúar í Skólaráði Víðistaðaskóla lýsa andstöðu við að þrengt sé að skólastarfi í starfsstöð Víðistaðaskóla í Engidal með því að bæta 5. og 6. bekk Barnaskóla Hjallastefnunnar inn í skólahúsnæðið. Fulltrúar furða sig á þessari ákvörðun og óska eftir framtíðarstefnu í húsnæðismálum skólans. Á sama tíma er einnig verið að taka meira húsnæði undir skjallasafn bæjarins svo það er verulega þrengt að skólanum og því starfi sem fer fram þar. Bætist Barnaskóli Hjallastefnunnar við í Engidal verða fjórar stofnanir sem samnýta skólahúsnæðið. Árið 2010 var Engidalsskóli sameinaður Víðistaðaskóla og kollvarpaði sú aðgerð skólastarfi í Engidal. Nú í ár er fyrsta árið sem starfið virðist vera að öðlast festu og starfsfólki er farið að líða betur í starfi. Þessi aðgerð hefur áhrif á líðan starfsfólks og raskar þeirri ró sem komin var eftir fimm ára sameiningarferli.

Fulltrúar benda einnig á að þrengt verður með þessu að starfi frístundaheimilisins Álfahrauns sem samnýta þarf hluta af húsnæði sem þau höfðu til umráða og höfðu þau áður óskað eftir stærra húsnæði undir starfsemi sína. Í Álfahrauni eru að jafnaði um 80-90 börn daglega eftir skóla og þarf því að geta boðið upp á góða aðstöðu. Nemendur í 1.-4. bekk í frístundaheimilinu Álfahrauni munu þurfa að deila húsnæði með nemendum í 5.-6. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Ef nægt pláss er í húsnæðinu finnst okkur eðlilegra að aukið hefði verið við pláss til notkunar í frístundaheimilinu þar sem þröngt er um þau börn sem þar ljúka deginum.

Foreldrar sem eru með börn á miðstigi í hverfinu við Engidalsstarfsstöðina furða sig á því að sveitafélagið bjóði þeim upp á að senda börn sín yfir Hjallabrautina í Víðistaðaskóla vegna plássleysis í Engidal á meðan einkarekinn skóli fær afdrep í því húsnæði sem sveitarfélagið á og hýsti áður nemendur á miðstigi.

Það skal tekið fram að þetta bréf beinist ekki á neinn hátt gegn Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Spurt er um framtíðarstefnu í húsnæðismálum Víðistaðaskóla í Engidal?

Er stefnt að því að 7. bekkur Barnaskóla Hjallastefnunnar komi inn í skólahúsnæðið skólaárið 2016-2017?

Skólaráð Víðistaðaskóla

Elísa Vg.
Sindri Blær
Guðrún J. Hallgrímsdóttir
Hilga Agustsdóttir
Sverris Kristinn Kristinsson
Hönnu Þerurþórsdóttir

